

## LÖG

### um dómstóla.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Dómstólaskipanin.

##### 1. gr.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins. Hann er áfrýjunardómstóll og hefur aðsetur í Reykjavík.

##### 2. gr.

Dómstólar í héraði eru átta. Heiti þeirra, aðsetur og umdæmi eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur aðsetur í Reykjavík og heyrja þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.
2. Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi og heyrja þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Borgarhreppur, Borgarbyggð, Álftaneshreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð og Saurbæjarhreppur.
3. Héraðsdómur Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði og heyrja þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldraneshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki og heyrja þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur, Skagahreppur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fljótahreppur og Siglufjarðarkaupstaður.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur aðsetur á Akureyri og heyrja þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Ólafsfjarðarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Hríseyjarhreppur, Árskógshreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit,

Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur.

6. Héraðsdómur Austurlands hefur aðsetur á Egilsstöðum og heyrja þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðar-, Jökuldals- og Tunguhreppur, Fljótaldshreppur, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðabær, Fellahreppur, Eiðahreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðar-kaupstaður, Neskaupstaður, Eskifjarðar-kaupstaður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðar-hreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Bæjarhreppur, Hornarfjarðarbær, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
7. Héraðsdómur Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi og heyrja þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur, Djúparhreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbyggðahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoskaupstaður, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsneshreppur, Þingvallahreppur, Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Ölfushreppur.
8. Héraðsdómur Reykjaness hefur aðsetur í Hafnarfirði og heyrja þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðar-kaupstaður, Garðabær, Bessastaðahreppur og Kópavogsbær.

Umdæmi hvers héraðsdómstóls skal vera ein þinghá. Frá þessu má dómsmálaráðherra þó víkja með reglugerð sem hann getur sett að fenginni umsögn hlutaðeigandi héraðsdómstóls og dómstólaráðs.

### 3. gr.

Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.

## II. KAFLI Hæstiréttur Íslands.

### 4. gr.

Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tilögu dómsmálaráðherra.

Þann einn má skipa í embætti hæstaréttardómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 35 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.

7. Hefur starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu.
8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

Í embætti hæstaréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

Áður en skipað verður í dómaraembætti skal dómsmálaráðherra leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda til að gegna því. Umsækjanda verður ekki veitt embættið ef í umsögninni kemur fram það álit að hann fullnægi ekki skilyrðum 5. eða 8. tölul. 2. mgr.

#### 5. gr.

Hæstaréttardómarar kjósa sér forseta til tveggja ára í senn og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta þegar hann hefur forföll eða er fjarstaddur. Biðjist forseti eða varaforseti lausnar frá því starfi eða láti hann af dómaraembætti áður en kjörtímabili er lokið skulu dómarar kjósa annan í hans stað til loka þess. Hæstiréttur tilkynnir um kjör forseta og varaforseta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum laga, stýrir forseti meðal annars þeirri starfsemi Hæstaréttar sem er ekki hluti af meðferð máls fyrir dómi, skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna og fer með agavald yfir þeim. Hann ber ábyrgð á rekstri Hæstaréttar og fjárreiðum og kemur fram af hálfu dómstólsins út á við, auk þess að gegna þeim sérstöku störfum sem mælt er fyrir um í öðrum lögum.

Nú eru hvorki forseti Hæstaréttar né varaforseti við störf eða hvorugur þeirra getur tekið þátt í afgreiðslu máls eða öðru embættisverki, og kemur þá í stað forseta sá dómari sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

#### 6. gr.

Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómenda þar. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans, auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er embættismaður og fer um stöðu hans að öðru leyti eftir almennum reglum um slíka starfsmenn ríkisins. Þann einn má skipa í embættið sem hefur lokið embættisprófi í lögum eða hliðstæðri prófgráðu í lögfræði eða annarri grein við háskóla.

Forseti ræður til Hæstaréttar lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verksvið þeirra og stöðu. Hann fer og með vald til að slíta ráðningu þeirra eftir þeim almennum reglum sem gilda um starfsmenn ríkisins.

#### 7. gr.

Eftir ákvörðun forseta taka þrír eða fimm dómarar við Hæstarétt hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að sjö dómarar skipi dóm. Þá getur forseti ákveðið að einn dómari skipi dóm í kærumáli sem er skriflega flutt og varðar ekki mikilsverða hagsmuni, svo og að einn dómari haldi þing til að taka ákvörðun um rekstur máls eða kveða upp dóm.

Þegar fimm eða sjö dómáraman skipa dóm í máli skulu að jafnaði eiga þar sæti þeir sem lengst hafa verið skipaðir hæstaréttardómáraman. Varadómáraman skv. 8. gr. verður ekki kvaddur þar til setu nema tölu dómáraman verði ekki náð vegna vanhæfis eða forfalla reglulegra dómáraman.

Ef mál er umfangsmikið getur forseti ákveðið að dómáraman, sem tekur ekki annars þátt í meðferð þess, hlýði á málflutning og taki sæti í dómnum ef annar dómáraman verður síðar fyrir forföllum.

Þegar Hæstaréttur fæst lögum samkvæmt við annað en meðferð máls fyrir dómni taka allir reglulegir dómáraman þátt í ákvörðun nema mælt sé á annan veg í lögum. Hafi dómáraman forföll eða sé hann vanhæfur skal að jafnaði ekki kvaddur til varadómáraman skv. 8. gr. nema færri en fimm hæstaréttardómáraman geti sinnt því.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur Hæstaréttur falið þremur eða fimm dómurum að taka afstöðu til einstakra flokka erinda, svo sem umsókna um áfrýjunarleyfi eða endurupptöku máls. Þá getur Hæstaréttur einnig falið forseta einum að ráða til lykta ýmsum minni háttar málefnum.

#### 8. gr.

Nú er hæstaréttardómáraman vanhæfur til að skipa dóm í máli eða hann fær leyfi eða hefur forföll frá störfum um skamman tíma, og skipar þá dómsmálaráðherra samkvæmt tillögu forseta varadómáraman til að taka sæti hans í tilteknu máli. Varadómáraman skal vera úr röðum héraðsdómáraman, prófessora í lögum, hæstaréttarlögmannna eða fyrrverandi dómáraman við Hæstarétt og fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti hæstaréttardómáraman.

Séu allir hæstaréttardómáraman vanhæfir til að skipa dóm í máli skal forseti gera tillögu til dómsmálaráðherra um einn varadómáraman til að sitja þar í forsæti. Þegar slíkur varadómáraman hefur verið skipaður gerir hann tillögu til ráðherra um skipan dómsins að öðru leyti.

Varadómáraman verður ekki leystur frá starfi í máli nema samkvæmt eigin ósk eða hann missi að mati Hæstaréttar almenn dómarskilyrði áður en starfi hans lýkur.

Hæstaréttur ákveður þóknun handa varadómáraman fyrir hvert mál sem hann tekur sæti í.

#### 9. gr.

Hæstaréttardómáraman verður ekki veitt leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt. Dómsmálaráðherra veitir dómáraman leyfi frá störfum. Að fenginni tillögu Hæstaréttar setur ráðherra dómáraman í embætti meðan á leyfi reglulegs dómáraman stendur, enda verði ekki farið svo að á leyfistímanum sem í 8. gr. segir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita hæstaréttardómáraman leyfi frá störfum að eigin ósk til allt að sex áraman til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 4. mgr. 4. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti hæstaréttardómáraman sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómáraman nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákveðinn tími.

#### 10. gr.

Hæstaréttur heldur dómþing í Reykjavík nema sérstök ástæða sé til annars.

Forseti Hæstaréttar stýrir dómni ef hann á þar sæti, en ella varaforseti. Taki hvorugur þeirra þátt í meðferð máls situr þar í forsæti sá dómáraman í málinu sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómáraman.

Hæstaréttur getur ákveðið að draga úr eða fella niður tímabundið reglulega starfsemi til að koma megi við orlofi dómáraman og annarra starfsmanna.

## 11. gr.

Um þingbækur, dómabækur, atkvæðabækur og málaskrár fer samkvæmt reglum sem Hæstiréttur setur.

Dómar Hæstaréttar skulu gefnir út. Um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

## III. KAFLI

**Héraðsdómstólar.**

## 12. gr.

Dómarar í héraði eru 38 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti héraðsdómara af dómsmálaráðherra.

Þann einn má skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 30 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.
7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum.

Dómsmálaráðherra skipar þrjú menn í dómnefnd til þriggja ára í senn til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Hæstarétti og er hann formaður nefndarinnar. Tilnefnir Dómarafélag Íslands annan mann í nefndina úr röðum héraðsdómara en Lögmannafélag Íslands þann þriðja úr hópi starfandi lögmannna. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er þrjú ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftast en tvisvar samfleytt.

Dómnefnd skv. 3. mgr. skal láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Ráðherra setur að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar.

## 13. gr.

Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem dómsmálaráðherra skipar. Tveir þeirra skulu kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, tveir kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstóla úr þeirra hópi, en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómari. Skipunartími í dómstólaráð er fimm ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Hver þessara fimm manna skal hafa varamann sem skipaður er og eftir atvikum tilnefndur á sama hátt og aðalmaður. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í dómstólaráði oftast en tvisvar samfleytt.

Láti héraðsdómari eða dómstjóri, sem sæti á í dómstólaráði, af embætti eða starfi dómstjóra áður en skipunartími hans er á enda eða fái hann lausn frá setu í ráðinu skal annar kjörinn og skipaður í hans stað til loka skipunartímans. Ráðherra skipar til sama tíma nýjan mann í dómstólaráð ef sá sem hann skipar án tilnefningar hverfur frá starfinu áður en skipunartíma lýkur.

Dómstólaráð kys sér formann frá byrjun hvers árs að telja. Það ákveður hvar starfsemi þess fer fram.

Kjaradómur ákveður þóknun fyrir setu í dómstólaráði.

## 14. gr.

Auk þess sem mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga er hlutverk dómstólaráðs sem hér segir:

1. Að fara með á sína ábyrgð fjárreiður héraðsdómstóla, gera tillögur til dómsmálaráðherra um sameiginlega fjárveitingu til þeirra og skipta á milli þeirra fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.
2. Að ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, svo og að setja almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra.
3. Að skipuleggja endurmenntun héraðsdómara og annarra lögfræðinga í þjónustu héraðsdómstóla.
4. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla, en dómstólaráð getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni, sbr. 1. mgr. 24. gr.
5. Að safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við héraðsdómstóla og gera eftir þörfum ábendingar af því tilefni, svo og að stuðla að öðru leyti að því að gætt sé þar skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála.
6. Að setja eftir þörfum almennar reglur um viðveruskyldu héraðsdómara á vinnustað og tilhögun orlofs þeirra, þar á meðal um hvort og þá hvernig dregið verði úr starfsemi héraðsdómstóla vegna orlofs dómara og annarra starfsmanna.
7. Að koma fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega.
8. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla eða löggjöf sem um þá gildir.

Dómstólaráð skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna.

## 15. gr.

Dómstólaráð ákveður við hvaða héraðsdómstól dómari skuli eiga fast sæti. Heimilt er þó að ákveða að allt að þrjú héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól, heldur sinni þeir störfum við alla héraðsdómstóla eftir því sem þeim kann að vera úthlutað af málum við hvern þeirra í skjóli almennrar heimildar dómstólaráðs. Dómstólaráð ákveður hvar slíkir dómarar hafi starfsstöð.

Ákvörðun dómstólaráðs um starfsvettvang skv. 1. mgr. skal hvort heldur gilda um óákveðinn tíma eða tiltekið tímabil. Þegar embætti héraðsdómara er laust skal að jafnaði taka ákvörðun um fyrsta starfsvettvang væntanlegs dómara áður en það er auglýst laust til umsóknar.

Eftir því sem frekast er unnt skal dómstólaráð taka tillit til óska héraðsdómara þegar starfsvettvangur hans er ákveðinn.

Héraðsdómari á rétt á að skipta um starfsvettvang svo fljótt sem verða má eftir að hafa starfað í þrjú ár samfleytt við sama dómstól eða án fasts sætis við tiltekinn dómstól, enda standi ákvæði 5. mgr. því ekki í vegi að fengið verði fyrir hann dómarasæti á öðrum vettvangi, sbr. og 39. gr.

Héraðsdómari verður ekki færður á nýjan starfsvettvang gegn vilja sínum í lengri tíma en sex mánuði á hverju tíu ára tímabili ef hann getur ekki með góðu móti sótt vinnu þar án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómara af starfsvettvangi sínum vegna varanlegrar fækkunar dómara þar.

Ef þörf er á héraðsdómara, sem á fast sæti við héraðsdómstól, til að starfa að tilteknu dómsmáli við annan héraðsdómstól, þar á meðal í fjölskipuðum dómi, ákveður dómstólaráð hverjum verði falið starfið. Dómara er skylt að hlíta slíkri ákvörðun dómstólaráðs.

## 16. gr.

Dómsmálaráðherra skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól til fimm ára í senn. Þar sem þrír eða fleiri dómáramar eiga fast sæti við héraðsdómstól kjósa þeir einn úr sínum röðum til að gegna starfinu, en séu dómáramarnir tveir tilnefdir dómstólaráð annan þeirra til starfans ef þeir koma sér ekki saman um valið. Kosning eða tilnefning bindur ekki ráðherra um skipun dómstjóra. Ef dómari er einn við héraðsdómstól skal hann skipaður þar dómstjóri. Skipun dómstjóra raskast ekki þótt dómurum við dómstól fjölgi eða fækki á skipunartímanum.

Við héraðsdómstól þar sem þrír eða fleiri héraðsdómáramar eiga fast sæti er þeim heimilt að kjósa varadómstjóra, en að öðrum kosti telst staðgengill dómstjóra vera sá dómari við dómstólinn sem lengst hefur verið skipaður í embætti héraðsdómara.

Flytjist dómari, sem gegnir starfi dómstjóra, til annars dómstóls eða sé honum veitt lausn frá starfinu eða embætti héraðsdómara skal skipaður nýr dómstjóri samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Nú telur dómstólaráð dómstjóra brjóta af sér í því starfi, og skal það þá gefa honum kost á að tjá sig um ávirðingarnar. Telji dómstólaráð skýringar dómstjóra óviðunandi getur það veitt honum skriflega áminningu. Ef sakir eru miklar eða brot ítrekað getur dómstólaráð lagt til í rökstuddu erindi að dómstjóra verði veitt lausn frá starfinu. Dómsmálaráðherra tekur ákvörðun um hvort dómstjóra verði veitt lausn, en um meðferð slíks máls gilda að öðru leyti ákvæði stjórnýslulaga.

Auk þess að gegna dómstörfum hefur dómstjóri með höndum stjórn héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans. Dómstjóri skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna, hann getur skipt dómurum í deildir og úthlutar dómurum eða deildum þeirra málum. Dómstjóri ræður aðra starfsmenn dómstóls en héraðsdómara og slítur ráðningu þeirra. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og annarra starfsmanna og gæta aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki kemur í hlut annarra samkvæmt ákvæðum 28.–30. gr. Hann fer á eigin ábyrgð með fé sem dómstólaráð leggur dómstólnum í hendur, hann annast samskipti við dómstólaráð um þau málefni sem undir það heyra og hefur annars með höndum verkefni sem dómstólaráð kann að fela honum sérstaklega. Þá kemur dómstjóri að öðru leyti fram út á við í þágu dómstólsins og er í fyrirsvari um sérstök málefni hans.

## 17. gr.

Til aðstoðar dómurum má ráða til héraðsdómstóla lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2.–6. tölul. 2. mgr. 12. gr. Dómstjóri annast slíka ráðningu og gilda um hana almennar reglur um starfsmenn ríkisins að öðru leyti en því að hún skal vera tímabundin og ekki til lengri tíma en fimm ára við sama dómstól.

## 18. gr.

Við úthlutun mála til dómara eða deilda þeirra skal dómstjóri gæta þess að starfsálag þeirra verði svo jafnt sem auðið er, en eftir föngum skal leitast við að tilviljun ráði hvaða dómari fær mál til meðferðar. Dómstólaráð getur sett leiðbeiningarreglur um úthlutun mála.

Sé máli úthlutað deild dómara ákveða þeir sem hana skipa hver þeirra fari með það.

Einn héraðsdómari skipar dóm í hverju máli nema annað sé skylt að lögum. Dómstjóri getur þó ákveðið að neytt verði heimildar í öðrum lögum til að dómur verði fjölskipaður héraðsdómurum. Hann úthlutar þeim þá máli í sameiningu og velur einn úr hópnum þeirra til að sitja þar í forsæti. Sé þörf á héraðsdómara frá öðrum dómstóli til að skipa dóm í máli leitar dómstjóri til dómstólaráðs sem felur dómara verkið.

Dómara er heimilt að biðjast undan úthlutun máls vegna tengsla við efni þess, aðila, fyrirsvaramann eða lögmann þótt hann verði ekki talinn vanhæfur til að fara með það, enda sé

beiðni hans studd haldbærum rökum og kostur annars dómara við dómstólinn til að fara með málið. Þá er dómara og heimilt að biðjast undan úthlutun vegna sérstakra anna eða þess að jafnaðar sé ekki gætt með henni. Dómstjóri tekur afstöðu til beiðna sem þessara, en dómara þeim sem í hlut á er heimilt að skjóta ákvörðun hans til úrlausnar dómstólaráðs. Þeirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Dómstjóra er heimilt að draga aftur úthlutun án beiðni þess dómara sem hefur fengið mál til meðferðar ef hann verður ekki við tilmælum dómstjóra um að ljúka því innan hæfilegs frests eða veikindi hans eða hliðstæð atvik torvelda að hann geti sinnt því. Hlutaðeigandi dómara er heimilt að skjóta slíkri ákvörðun dómstjóra til úrlausnar dómstólaráðs. Þeirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Nú vikur héraðsdómari sæti í máli, og skal þá dómstjóri úthluta því á ný, enda fullnægi annar dómari sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með það. Ef með þarf getur dómstjóri leitað til dómstólaráðs um að það feli dómara við annan dómstól að taka við úthlutun málsins.

#### 19. gr.

Fullnægi enginn dómari við héraðsdómstól sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með mál kveður dómstjóri í einu lagi upp úrskurð um að þeir víki allir sæti í því. Reynist enginn dómari við annan dómstól heldur hæfur til að fara með málið gefur dómstólaráð skriflegt og rökstutt álit um það. Skal þá dómsmálaráðherra skipa setudómara til að fara með málið.

Setudómari skal fullnægja skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara. Nú hefur setudómari verið skipaður og hann telur þörf á að dómur verði fjölskipaður í málinu með öðrum en sérfróðum meðdómsmönnum eða það er skylt að lögum. Skal dómsmálaráðherra þá að ósk hans skipa aðra tvo setudómara til að fara með málið með honum en sá sem fyrst var skipaður situr í forsæti í dóminum.

Setudómara verður ekki vikið úr starfi nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.

Dómstólaráð ákveður þóknun setudómara og greiðist hún úr ríkissjóði.

#### 20. gr.

Héraðsdómara verður ekki veitt leyfi frá störfum í lengri tíma samfleytt en tólf mánuði nema vegna veikinda. Dómstólaráð getur þó veitt undanþágu til leyfis í lengri tíma, til mest tólf mánaða í senn, ef dómari leitar eftir því til náms. Dómstólaráð setur að öðru leyti reglur um leyfi héraðsdómara frá störfum. Dómstólaráð veitir leyfi vegna orlofs, auk þess að taka afstöðu til umsóknar um leyfi í öðru skyni, sem stendur í heild í mánuð eða skemmri tíma. Að öðrum kosti gerir það tillögu um afgreiðslu umsóknar héraðsdómara um leyfi, en dómsmálaráðherra ákveður hvort það skuli veitt að fenginni slíkri tillögu.

Nú hefur héraðsdómari forföll eða honum er veitt leyfi skv. 1. mgr., og verður þá annar því aðeins settur í embætti hans að sérstakar annir krefji og dómstólaráð mæli með því. Dómsmálaráðherra setur þá dómara að fenginni ábendingu dómstólaráðs um mann til starfans. Ráðherra getur þó að eigin frumkvæði eða eftir tillögu dómstólaráðs auglýst embættið laust til setningar meðan á leyfi skipaðs dómara stendur, en dómstólaráð skal þá velja einn úr hópi umsækjenda til að benda á til starfans.

Þrátt fyrir framangreint er dómsmálaráðherra heimilt að veita héraðsdómara leyfi að eigin ósk frá störfum til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við aðra alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 3. og 4. mgr. 12. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti héraðsdómara sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari.



## 21. gr.

Héraðsdómstólar skulu hver um sig hafa fastan þingstað á aðsetri sínu, svo og annars í hverri þinghá samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra séu þær fleiri en ein innan umdæmis dómstóls. Um slíka ákvörðun skal mælt í reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu hlutaðeigandi dómstóls.

Héraðsdómari getur háð þing utan fasts þingstaðar til að taka fyrir mál innan umdæmis síns ef það þykir heppilegt vegna rekstrar þess. Með sama skilyrði getur héraðsdómari einnig háð þing utan umdæmis síns til að taka fyrir mál eftir þingfestingu þess.

## 22. gr.

Við héraðsdómstóla skulu háð regluleg dómþing á föstum þingstöðum samkvæmt því sem dómstólaráð ákveður að fengnum tillögum dómstjóra. Dómstólaráð tilkynnir slíka ákvörðun með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

## IV. KAFLI

**Réttindi og skyldur dómara.**

## 23. gr.

Ákvæði þessa kafla taka jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara nema annars sé sérstaklega getið.

Til að gegna störfum sem mælt er nánar fyrir um í þessum kafla skipar dómsmálaráðherra þrjú menn til að sitja í nefnd um dómarastörf, svo og jafnmarga til vara. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu laga- deildar Háskóla Íslands og einn skipar ráðherra án tilnefningar. Skal sá síðastnefndi vera formaður nefndarinnar og fullnægja skilyrðum til að verða skipaður í embætti hæstaréttar- dómara. Skipunartími nefndarmanna er sex ár en þó þannig að skipunartími eins þeirra rennur út annað hvert ár. Sömu reglur gilda um skipun varamanna. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftár en tvisvar samfleytt.

Úrlausnum nefndar um dómarastörf verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Nefnd um dómarastörf skal hafa eftir þörfum samvinnu við dómstólaráð um starfsemi sína. Kjaradómur ákveður þóknun fyrir setu í nefndinni.

## 24. gr.

Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Dómsathöfn verður ekki endurskoðuð af öðrum nema með málskoti til æðra dóms.

Dómara er skylt að ljúka á eðlilegum tíma þeim málum sem hann fær úthlutað til meðferðar og rækja störf sín af alúð og samviskusemi. Dómara ber að hlíta boði forstöðumanns dómstóls um önnur atriði varðandi störf sín en meðferð og úrlausn máls. Héraðsdómurum ber og að hlíta lögmaetum ákvörðunum dómstólaráðs.

Dómurum ber að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum. Þeim skal eftir föngum gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar.

## 25. gr.

Kjaradómur ákveður laun dómara fyrir embættisstörf þeirra.

## 26. gr.

Dómara er óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi.

Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara. Dómari skal tilkynna nefndinni um aukastarf áður en hann tekur við því. Sé ekki getið um heimild til að gegna starfinu í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um að hvaða marki samrýmanlegt sé embætti dómara að hann eigi hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómari skal tilkynna nefndinni um hlut sem hann eignast í félagi eða fyrirtæki. Sé ekki getið um heimild til að eiga slíkan hlut í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

Með rökstuddri ákvörðun getur nefnd um dómarastörf meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómara ber að hlíta slíku banni, en heimilt er að leita úrlausnar dómstóla um lögmati þess.

#### 27. gr.

Hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á hans hlut með störfum sínum er heimilt að beina skriflegri kvörtun af því tilefni til nefndar um dómarastörf. Í slíkri kvörtun skal greint frá atvikum og röksemdum fyrir því að brotið hafi verið á rétti þess sem hana ber fram. Berist nefndinni kvörtun sem hún telur þegar sýnt að gefi ekki tilefni til frekari aðgerða vísar hún kvörtuninni frá sér. Að öðrum kosti gefur nefndin hlutaðeigandi dómara og forstöðumanni dómstóls kost á að skila skriflegum athugasemdum innan tiltekins frests. Heimilt er nefndinni að taka í einu lagi til meðferðar tvær eða fleiri kvartanir sem beinast að sama dómara.

Sé kvörtun metin tæk til meðferðar skal nefnd um dómarastörf ljúka málinu með skriflegu og rökstuddu álitni. Telji nefndin kvörtunina gefa tilefni til aðgerða getur hún í álitni sínu fundið að störfum hlutaðeigandi dómara eða veitt honum áminningu eftir ákvæðum 28. gr.

#### 28. gr.

Nú telur forstöðumaður dómstóls að háttsemi dómara eða vanræksla í starfi eða framferði hans utan starfs sé slík að aðfinnsluvert sé án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við. Getur þá forstöðumaðurinn beint munnlegum eða skriflegum tilmælum til dómarsins um úrbætur.

Beri tilmæli skv. 1. mgr. ekki árangur eða telji forstöðumaður dómstóls ávirðingar dómara alvarlegri en svo að tilmæli hans ein séu við hæfi skal hann beina málinu til nefndar um dómarastörf með skriflegu og rökstuddu erindi. Eins skal farið að ef dómari hlítir ekki ákvörðun dómstólaráðs eða banni skv. 4. mgr. 26. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að beina máli til nefndar um dómarastörf með sama hætti og greinir í 2. mgr. Þá er nefndinni og heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði ef atvik eru með þeim hætti sem þar segir.

Berist nefnd um dómarastörf mál samkvæmt því sem um ræðir í 2. eða 3. mgr. skal hún gefa hlutaðeigandi dómara kost á að taka til andsvara í skriflegri greinargerð. Nefndinni ber að öðru leyti að afla gagna eftir því sem hún telur nauðsyn bera til. Um meðferð máls fer annars samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga eftir því sem átt getur við.

Nefnd um dómarastörf skal ljúka máli með skriflegri og rökstuddri ákvörðun um hvort hlutaðeigandi dómara verði veitt áminning. Sé áminning veitt skal hún birt dómaranum með sannanlegum hætti, en jafnframt skal þá ákvörðunin send forstöðumanni dómstólsins sem hann starfar við auk dómsmálaráðherra. Dómstólaráði skal jafnframt send ákvörðunin ef hér- aðsdómari á í hlut.

Dómara, sem hefur sætt áminningu, er heimilt að höfða mál á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisins til að fá hana fellda úr gildi, en það skal þá gert innan mánaðar frá því að hún var birt dómaranum.

## 29. gr.

Veita má dómara lausn frá embætti um stundarsakir ef hann hefur sætt áminningu en lagar sig ekki að henni innan hæfilegs tíma eða gerist innan þriggja ára á ný sekur um ávirðingar sem gefa tilefni til áminningar. Dómara verður einnig veitt lausn frá embætti um stundarsakir ef hann missir almenn hæfisskilyrði til að gegna því. Það sama gildir jafnframt ef opinber rannsókn beinist að dómara eða opinbert mál er höfðað á hendur honum og áfellsdómur um sakirnar sem hann er borinn yrði til þess að hann missti almenn hæfisskilyrði.

Forseti Íslands veitir dómara við Hæstarétt lausn frá embætti um stundarsakir samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra, en ráðherra veitir héraðsdómara slíka lausn. Áður en lausn er veitt um stundarsakir skal ráðherra afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómaraströf.

Nú hefur dómara verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir af öðrum ástæðum en þeim sem getur í lokamálslið 1. mgr., og skal þá innan tveggja mánaða höfða á hendur honum mál samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 30. gr., en ella fellur lausnin sjálfkrafa niður. Verði máli vísað frá dómi eða sé það fellt niður fellur lausnin jafnframt sjálfkrafa niður ef nýtt mál er ekki höfðað innan tveggja vikna en þannig verður þó ekki farið að oftast en eitt skipti. Lausn sem veitt hefur verið um stundarsakir eftir ákvæði lokamálsliðar 1. mgr. stendur þar til opinberri rannsókn lýkur með ákvörðun um að hlutaðeigandi dómari verði ekki sóttur til sakar, sex mánuðir eru liðnir án þess að ákæra sé gefin út á hendur honum eða opinberu máli lýkur með endanlegum dómi um sýknu hans en annars þar til tvær vikur eru liðnar frá því að endanlegur dómur hefur gengið um sakfellingu hans.

Dómari heldur fullum embættislaunum meðan á lausn um stundarsakir stendur.

## 30. gr.

Þegar dómara hefur verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir höfðar dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisins mál á hendur honum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Um rekstur máls fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð og skal dómur skipaður þremur héraðsdómurum.

Þótt dómur gangi í héraði í máli skv. 1. mgr. stendur lausn um stundarsakir áfram meðan kostur er á áfrýjun innan almenns frests, svo og enn eftir það meðan mál er rekið fyrir Hæstarétti ef áfrýjað er.

Endanlegur dómur um að dómara sé vikið frá leiðir sjálfkrafa til lausnar hans úr embætti.

Sé dómari sýknaður af kröfu um frávikningu tekur hann sjálfkrafa við embætti sínu á ný frá þeim tíma sem dómur um það telst endanlegur.

## 31. gr.

Forseti Íslands veitir dómurum við Hæstarétt lausn frá embætti samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra en dómsmálaráðherra héraðsdómurum.

Dómara skal veitt lausn frá embætti ef hann leitar eftir henni sjálfur, enda sé það gert með þeim fyrirvara sem gildir almennt um starfsmenn ríkisins.

Dómari telst sjálfkrafa fá lausn frá embætti ef hann tekur við skipun í annað embætti.

Heimilt er að veita dómara lausn frá embætti án óskar hans ef hann er orðinn 65 ára, en hann skal þá upp frá því taka eftirlaun svo sem hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs nema hann njóti ríkari réttar samkvæmt stjórnskipunarlögum.

Dómara skal veitt lausn frá embætti ekki síðar en frá þeim degi sem hann nær 70 ára aldri.

## 32. gr.

Um refsíabyrgð dómara vegna háttsemi hans í embætti fer eftir almennum hegningarlögum og sérákvæðum annarra laga.

Verði athafnir dómara í starfi eða athafnaleysi öðrum til tjóns ber ríkið á því bótaábyrgð eftir almennum reglum. Dómari verður ekki sjálfur krafinn um bætur, en ríkinu er þó heimilt að gengnum áfellingisdómi að beina að honum framkröfu, enda hafi ásetningsverk hans leitt til bótaskyldu.

Við rekstur mála samkvæmt framangreindu skal fara eftir almennum reglum.

## 33. gr.

Um önnur atriði en að framan greinir gilda almennar reglur um starfsmenn ríkisins um dómara eftir því sem átt getur við.

## V. KAFLI

**Gildistaka, brottfall laga o.fl.**

## 34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 að undanteknum ákvæðum 38. gr. sem taka þegar gildi.

## 35. gr.

Við gildistöku þessara laga falla brott eftirtalin lög og ákvæði laga:

1. Lög um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum.
2. I. kafli laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, með áorðnum breytingum.
3. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989.
4. 160. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.
5. 3. mgr. 3. gr., 2. málsl. 4. mgr. 4. gr., 3. mgr. 6. gr., 3. mgr. 143. gr. og 4. mgr. 165. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, með áorðnum breytingum.

## 36. gr.

Við gildistöku þessara laga verða svofelldar breytingar á ákvæðum annarra laga:

1. Í 10. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, fellur brott orðið „Hæstaréttarritari“, en í stað þess kemur: Skrifstofustjóri Hæstaréttar.
2. Heiti laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, verður: Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.  
Kaflanúmer og kaflafyrirsagnir í sömu lögum falla brott.  
Greinanúmer í sömu lögum breytast þannig að 10.–16. gr. verða 1.–7. gr.  
Í 1. gr. (áður 10. gr.) sömu laga fellur brott tilvísun í 12. gr., en í staðinn kemur: 3. gr.  
Í 2. mgr. 5. gr. (áður 2. mgr. 14. gr.) sömu laga falla brott orðin „skilyrðum 1. og 3.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr.“, en í staðinn kemur: almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur.  
Í 3. mgr. 6. gr. (áður 3. mgr. 15. gr.) sömu laga falla brott orðin „ákvæði 1. og 3.–6. tölul. 1. mgr. 5. gr.“, en í staðinn kemur: sömu reglur og um sýslumenn að öðru leyti en um starfsreynslu.  
17.–20. gr. sömu laga falla brott.
3. Í 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með áorðnum breytingum, falla brott orðin „hann þá með samþykki forstöðumanns dómstólsins kvatt til tvo aðra héraðsdómara til setu í dómi“, en í stað þeirra kemur: dómstjóri þá ákveðið að þrjú héraðsdómarar skipi dóm í málinu.

Í 1. og 3. mgr. 155. gr. sömu laga falla brott orðin „hæstaréttarritari“ og „hæstaréttarritara“, en í staðinn koma í viðeigandi falli orðin: skrifstofa Hæstaréttar.

4. Í 1. mgr. 2. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, með áorðnum breytingum, falla brott orðin „hann kveðji“, en í stað þeirra kemur: kvaddir verði.

Í 3. mgr. sömu greinar falla brott orðin: „er dómara rétt, að fengnu samþykki forstöðumanns dómstólsins, að kveðja til héraðsdómara til setu í dómi með einum sérfróðum meðdómsmanni eða tvo héraðsdómara“, en í stað þeirra kemur: getur dómstjóri ákveðið að þrjú héraðsdómarar skipi dóm í málinu eða tveir héraðsdómarar með einum sérfróðum meðdómsmanni.

Í 2. mgr. 3. gr. sömu laga fellur brott orðið „hæstaréttarritara“, en í stað þess kemur: starfsmenn Hæstaréttar.

Upphafsmálsliður 3. mgr. 155. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Synjað skal um útgáfu áfrýjunarstefnu ef hún telst ekki vera í réttu horfi. Í lokamálslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „hæstaréttarritara“.

Í 1., 2. og 4. mgr. 155. gr., 3. mgr. 156. gr. og 1. mgr. 158. gr. sömu laga falla brott orðin „hæstaréttarritari“ og „hæstaréttarritara“, en í staðinn koma í viðeigandi falli orðin: skrifstofa Hæstaréttar.

5. 3. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, svo sem því ákvæði var breytt með 9. gr. laga nr. 150/1996, verður svohljóðandi: Hæstaréttardómarar, skrifstofustjóri Hæstaréttar og héraðsdómarar.

## VI. KAFLI

### Ákvæði til bráðabirgða.

37. gr.

Með gildistöku laga þessara er ekki raskað skipun eða setningu í dómaraembætti.

Þeir sem gegna embættum héraðsdómara við héraðsdómstóla við gildistöku laga þessara hljóta þá sjálfkrafa embættisheitið héraðsdómari sem ekki verður bundið við ákveðinn dómstól.

Þeir sem gegna starfi dómstjóra við héraðsdómstóla þegar lög þessi öðlast gildi skulu halda þeim starfa til loka yfirstandandi skipunartímabils.

38. gr.

Dómsmálaráðherra skipar menn í dómstólaráð, dómnefnd um héraðsdómaraembætti og nefnd um dómaraastörf þegar þessi grein hefur öðlast gildi. Ráðið og nefndirnar taka þá þegar til starfa.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í dómstólaráð skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kalli þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

Við gildistöku þessarar greinar fellur niður skipun nefndar skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989. Þegar skipað er í fyrsta sinn í nýja dómnefnd um héraðsdómaraembætti skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára, en þriðji aðalmaðurinn og varamaðurinn til þriggja ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í nefnd um dómaraastörf skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til tveggja ára, annar aðalmaður ásamt varamanni til fjögurra ára, en þriðji aðalmaðurinn og varamaðurinn til sex ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

## 39. gr.

Héraðsdómara, sem er skipaður í embætti við gildistöku þessara laga, verður ekki gert að skipta um starfsvettvang gegn vilja sínum nema hann geti með góðu móti sótt vinnu á nýjum vettvangi án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómara af starfsvettvangi sínum vegna varanlegrar fækkunar dómara þar.

Ákvæði 6. mgr. 15. gr. gilda um héraðsdómara þótt hann hafi verið skipaður í embætti fyrir gildistöku laga þessara.

## 40. gr.

Innan mánaðar frá gildistöku þessara laga ber dómurum við Hæstarétt og héraðsdómurum, sem hafa með höndum aukastörf, ótilkvöddum að gera nefnd um dómaraströf grein fyrir þeim og leita eftir atvikum heimildar hennar til að gegna þeim áfram. Telji nefndin dómara óheimilt að gegna aukastarfi áfram skal hann fá sig leystan frá því innan sex mánaða frá því að honum er tilkynnt um afstöðu nefndarinnar.

Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beitt um eignarhlut dómara í félagum og atvinnufyrirtækjum, en þó þannig að frestur til að láta af hendi hlutann skal vera eitt ár frá tilkynningu um að nefndin telji dómara óheimilt að eiga hann.

## 41. gr.

Þeir sem skipaðir eru í starf dómarafulltrúa við gildistöku þessara laga skulu eiga kost á starfi skv. 17. gr., en þó þannig að þargreindar takmarkanir á ráðningartíma gilda ekki um þessa starfsmenn.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að úr röðum þeirra sem skipaðir eru í starf dómarafulltrúa við gildistöku þessara laga, gegndu sama starfi 1. júní 1995 og fullnægðu á þeim tíma skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara verði settir allt að fjórir héraðsdómara umfram þann fjölda dómara sem um ræðir í 1. mgr. 12. gr. Verði þessarar heimildar neytt skal þeim sem fullnægja framangreindum skilyrðum gefinn kostur á að sækja um setningu í dómaraembætti. Við veitingu embættis skal gætt ákvæða 2. og 4. mgr. 12. gr. Sá sem settur er í dómaraembætti samkvæmt þessari heimild nýtur í hvarvetna sömu stöðu og sá sem skipaður hefur verið héraðsdómari eftir ákvæðum þessara laga, að öðru leyti en því að setningin rennur sjálfkrafa út 30. júní 2001. Losni fyrir þann tíma sæti einhvers þess sem hefur verið settur dómari samkvæmt þessari heimild verður ekki annar settur í embættið til loka tímabilsins. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda um þá sem gegna dómaraembætti til loka setningar tíma að þeim tíma liðnum.

Starfandi dómarafulltrúar við gildistöku laga þessara, sem neyta hvorki heimildar skv. 1. mgr. né verða settir dómara skv. 2. mgr., skulu eiga kost á að láta af störfum fyrir árslok 1998 með rétti til biðlauna. Um biðlaunarétt þeirra gilda annars almennar reglur um starfsmenn ríkisins.

## 42. gr.

Verði heiti sveitarfélags sem getið er í 2. gr. breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til dómum dæmisins sem það eldra eða þau eldri heyrðu til. Ef sameinuð eru tvö eða fleiri sveitarfélög sem hvort eða hvert heyrir til síns dómum dæmis eftir ákvæðum 2. gr. skal dómsmálaráðherra ákveða með reglugerð undir hvaða umdæmi nýja sveitarfélagið eigi þar til annarri skipan verður komið á með lögum.

*Gjört í Reykjavík, 25. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Þorsteinn Pálsson.*